

Héraðsdómur Austurlands

Úrskurður 8. mars 2023

Mál nr. M-1/2023:

Sterna ESS ehf.

og

Bílar og fólk ehf.

(*Bjarki Þór Sveinsson lögmaður*)

gegn

Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

(*Hilmar Gunnlaugsson lögmaður*)

Úrskurður.

I.

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. febrúar 2023, barst Héraðsdómi Austurlands 3. janúar sl. með matsbeiðni sem dagsett er 22. desember 2022.

2. Matsbeiðendur eru Sterna EES ehf., kt. 690611-0310, Hátúni 6, 105 Reykjavík, og Bílar og fólk ehf., kt. 520202-2180, Krókhálsi 12, 110 Reykjavík.

Matsþoli er Samband sveitarfélaga á Austurlandi, kt. 560276-02809, Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstöðum.

3. Matsbeiðendur fara fram á, með vísan til XII., sbr. IX., kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að dómkvaddur verði hæfur og óvilhallur matsmaður til að meta það tjón sem þeir segjast hafa orðið fyrir vegna lögbannsgerðar matsþola. Vegna þessa hafa matsbeiðendur tíundað fjórar tilgreindar matsspurningar, sbr. III. kafla hér á eftir.

Matsbeiðendur krefjast þess að dómkvaddur verði matsmaður í samræmi við beiðni þeirra.

4. Matsþoli mótmælti við þingfestingu málsins, þann 19. janúar sl., nefndri matsbeiðni og krafðist þess að henni yrði hafnað. Lagði hann af þessu tilefni fram bókun, sbr. IV. kafla hér á eftir.

Matsþoli krefst jafnframt málskostnaðar.

II.

Helstu málavextir.

1. Matsbeiðandinn Sterna ESS ehf. (áður Sterna Travel ehf.) rekur ferðaskrifstofu og hópferðabifreiðar, en annast einnig lánastarfsemi og annan skyldan rekstur.

Matsbeiðandinn Bílar og fólk ehf. rekur hópferðabifreiðar, en annast einnig lánastarfsemi og annan skyldan rekstur.

Matsþoli er Samband sveitarfélaga á Austurlandi, landshlutasamtök, sem rekin eru með stoð í 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. Samkvæmt málatilbúnaði matsbeiðenda var félagið Sterna ESS ehf. á árinu 2012 að fullu í eigu félagsins Bíla og fólks ehf., en var þá í reynd erlent hjáheiti til markaðssetningar fyrir erlenda ferðamenn. Þá voru matsbeiðendurnir um árabíl reknir sem ein heild, en þá fólst starfsemi Sternu ESS ehf. helst í því að vera milligönguaðili og vörumerki fyrir sölu á þjónustu fyrir erlenda ferðamenn, m.a. með Bílum og fólki ehf., og voru allar hópferðabifreiðar félagsins þá eingöngu merktar „Sterna“.

3. Málsaðilar vísa til þess að ágreiningur þeirra hafi fyrst komið fram á árinu 2012 þegar matsþoli lagði fram lögbannskröfu hjá sýslumanni, sem beindist að matsbeiðandanum Sternu Travel ehf. Sýslumaður hafi fallist á beiðnina og samþykkt lögbannskröfuna þann 18. júlí 2012, en í kjölfarið hafi hópferðabifreið, sem hafi verið í akstri á vegum Sternu Travel ehf., verið stöðvuð af lögreglu og meinuð för með viðskiptavini.

Matsbeiðendur benda á að fréttir af lögbanninu hafi birst í fjölmiðlum 1. og 17. ágúst 2012.

Matsbeiðendur benda jafnframt á að þegar ofangreindir atburðir hafi átt sér stað hafi félagið Sterna ESS ehf. verið búið að selja hringmiða um landið og þannig hafi þeir verið búnir að skuldbinda sig til þess að koma farþegum sínum um landið á gildistíma hinna seldu miða. Í því samhengi benda matsbeiðendur á að sumarið hafi verið langannasamasti tíminn á hverju ári í rekstri þeirra.

4. Matsbeiðendur vísa til þess að þann 6. maí 2013 hafi niðurstaða Héraðsdóms Austurlands um réttmæti fyrrgreinds lögbanns legið fyrir og hafi kröfu matsþola um staðfestingu þess verið hafnað. Því til viðbótar hafi dómurinn sýknað Sternu Travel ehf.

af öðrum kröfum matspola. Þeir benda á að með dómi Hæstaréttar Íslands, þann 28. nóvember 2013, í máli nr. 333/2013, hafi niðurstaða héraðsdóms verið staðfest að öðru leyti en um málskostnað.

Matsbeiðendur segja að í ljósi ofangreindrar niðurstöðu hafi legið fyrir að lögbann matspola hafi verið ólöglegt, en því til viðbótar hafi legið fyrir að það hafði leitt til mikils tjóns fyrir þá báða, þ.e. félagin Sternu ESS ehf. og Bíla og fólk ehf. Matspóli andmælir þessum síðastgreindu staðhæfingum og staðhæfir að í raun hafi matspólar ekki orðið fyrir tjóni, og hafi síðari málarekstur og gagnaöflun, þá einkum matsgerðir, leitt það í ljós.

5. Matsbeiðendur benda á að þeir hafi höfðað dómsmál á hendur matspola til heimtu skaðabóta vegna hins tilhæfulausa lögbanns með stefnu, dagsettri 28. febrúar 2014, og hafi málið verið þingfest 18. mars sama ár. Undir rekstri málsins hafi þeir aflað matsgerðar dómkvadds matsmanns, sem legið hafi fyrir þann 11. desember 2015. Hafi matsmaðurinn komist að þeirri niðurstöðu að tjón þeirra hafi verið 589.000.000 króna.

Matspóli bendir á að hann hafi aflað yfirmatsgerðar, sem legið hafi fyrir þann 31. ágúst 2017. Hafi yfirmatsmenn komist að þeirri niðurstöðu að tjón matsbeiðanda vegna lögbanns matspola hafi verið 64.000.000 króna.

Matsbeiðendur benda á að í nefndum matsgerðum hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að heildartjón þeirra hafi numið framangreindum fjárhæðum. Þeir benda einnig á að hinir dómkvöddu matsmenn hafi eigi getað aðgreint tjónið á milli félaganna, þ.e. hversu miklu tjóni hvor matsbeiðendanna varð fyrir í raun af völdum lögbanns matspola, þ.e. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, landshlutasamtaka.

6. Matspóli bendir á að hann hafi í kjölfar ofangreindra niðurstaðna matsmanna lagt fram í dómi beiðni um nýtt undirmat, þann 5. júlí 2016, með fimm spurningar þar sem matsmaður hafi verið beðinn um að leggja mat á tiltekin atriði. Á meðal þessara atriða hafi verið spurningar sem hafi tekið til þess að lagt yrði mat á verðmæti ímyndar matsbeiðenda, en einnig um áhrif þess að samningur þeirra við Vegagerðina hafði runnið út á árinu 2011. Matspóli vísar til þess að hann hafi í þessari viðleitni sinni haft eina spurninguna, þá fimmtu, í 11 liðum. Með þessum hætti hafi hann freistað þess að draga fram mat á ætluðu tjóni matsbeiðenda hvors um sig, þannig að unnt væri að afmarka tjón þeirra. Matspóli bendir á að matsbeiðendur hafi í hinum fyrri matsbeiðnum aðeins farið

fram á að mat yrði lagt á ætlað tjón samstæðu þeirra. Matsþoli bendir á að matsbeiðendur hafi mótmælt því að þessi síðastgreinda matsbeiðni hans fengi framgang, og hafi þeir í röksemdum sínum varðandi fyrrgreinda fimmtu matsspurningu sagt eftirfarandi: *Spurning 5 er eins og fram kemur í matsbeiðni sömu spurningar og liggja fyrir í yfirmatsbeiðni til yfirmatsmanna. Það liggur því í hlutarins eðli með vísan til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að hafna eigi því að dómkveðja matsmann til að svara sömu spurningum.*

Matþoli bendir á að vegna þessa tilgreinda ágreinings hafi dómari kveðið upp úrskurð þann 22. nóvember 2016, sbr. framlögð fylgiskjöl, en þar hafi eftirfarandi komið fram, og þá varðandi efni margnefndrar fimmtu spurningar:

Fimmta spurningin lýtur að atriðum sem matsbeiðandi viðurkennir að séu í meginatriðum þær sömu og lágu til grundvallar eldri matsgerð, en hann kveður þeim þó ekki öllum hafa verið svarað þar. Það er umdeilt, eins og fram kom í úrskurði þessa dómstóls frá 10. júní sl., þar sem hafnað var kröfu matsbeiðanda (matsþola í þeim þætti málsins) um að matsmanni yrði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína. Þótt ljóst sé að matsmaður svarar ekki í fyrirliggjandi matsgerð öllum matsspurningunum eins og þær voru sundurliðaðar í eldri matsbeiðni, þá kveður hann svör við þeim felast í svörum við öðrum matsspurningum. Eldri matsgerð hefur nú öll verið borin undir yfirmatsmenn samkvæmt fyrirliggjandi yfirmatsbeiðni, sem ekki hefur verið mótmælt. Verður því að ætla að allar matsspurningarnar sem bornar voru undir matsmanninn í eldri matsbeiðni sæti nú yfirmati.

Matsbeiðandi kveður framsetningu fimmtu matsspurningar „aðeins öðruvísi og því um sjálfstæðar spurningar að ræða“. Að meginstefnu til verður ekki á það fallist. Þótt framsetningin sé lítillega breytt verður ekki séð að fimmta matsspurningin feli í sér annað hvort dýpkun á fyrri matsatriðum eða nýtt atriði, utan þess að í liðum c., d. og g. er farið fram á að tjón verði sundurliðað m.v. tiltekin tímabil, fyrir og eftir 1. ágúst 2012. Sú sundurliðun felur í sér vissa dýpkun, en er þó verulega samofin matsspurningum um tjón af fjölmiðlaumfjöllun um lögbann og ímyndarskaða, sem þegar hefur verið fjallað um í eldri matsgerð og verða nú teknar til umfjöllunar í yfirmati. Matsbeiðanda var í lófa lagið að koma ósk um framangreinda sundurliðun [að?] við meðferð eldri matsbeiðni, teldi hann tilefni til þess. Að framanrituðu virtu þykir verða að hafna fimmtu matsspurningu matsbeiðanda í heild.

Óumdeilt er að hin umþrætta undirmatsgerð matsþola lá fyrir þann 5. febrúar

2018, en í framhaldi af því var aflað yfirmatsgerðar, sem lá fyrir þann 19. júní 2019.

7. Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands hinn 30. desember 2020, í máli nr. E-28/2014, var einkamáli matsbeiðenda vísað frá dómi á þeim grundvelli að þeim hafi hvorum um sig borið að gera sjálfstæða dómkröfu um sína hagsmuni. Landsréttur staðfesti þá niðurstöðu með úrskurði 12. febrúar 2021 í máli nr. 24/2021. Taldi Landsréttur að matsbeiðendur hefðu ekki fært fyrir því fullnægjandi rök að um væri að ræða óskipt réttindi þannig að þeim hefði verið rétt að hafa sameiginlega uppi skaðabótakröfu gegn matsþola skv. 1. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

8. Málsaðilar vísar til þess að í kjölfar ofangreindrar dómsniðurstöðu hafi matsbeiðendur höfðað nýtt dómsmál gegn matsþola, hinn 7. júlí 2021, til heimtu skaðabóta, þ.e. mál nr. E-104/2021. Í málalíbúnaði sínum í því máli gerðu matsbeiðendur hvor um sig sjálfstæðar dómkröfur um eigin hagsmuni, en við þingfestingu lögðu þeir fram það undirmat sem þeir höfðu aflað í hinu fyrra máli, E-28/2014, og lagt hafði verið fram í desember 2015.

Matsþoli krafðist frávísunar þessa nýja máls, og var krafa hans að því leytinu til í megindráttum tvíþætt. Annars vegar vísaði matsþoli til þess að matsbeiðendur hefðu ekki höfðað dómsmálið innan þess þriggja mánaða málshöfðunarfrests sem lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 kveða á um. Hins vegar vísaði matsþoli til þess að málalíbúnaður matsbeiðenda væri vanreifaður og óljós.

Niðurstaða þessa síðastgreinda dómsmáls var á þá leið að héraðsdómur féllst á frávísunarkröfu matsþola með úrskurði þann 22. nóvember 2022.

9. Í þessum þætti áréttar matsþoli að í hinum síðastgreinda dómsúrskurði hafi verið fallist á að hið nýja dómsmál matsbeiðenda hefði eigi verið höfðað innan fyrrgreinds þriggja mánaða málshöfðunarfrests laganna nr. 31/1990, en af þeim sökum hefðu matsbeiðendur ekki lengur getað reist málsókn sína á hlutlægrri ábyrgð hans. Matsþoli staðhæfir að með úrskurði héraðsdóms hafi einnig verið fallist á þá málsástæðu hans að

málatilbúnaður matsbeiðenda í hinu nýja máli, E-104/2021, hefði eigi fullnægjandi stoð í fyrrgreindri undirmatsmatsgerð frá árinu 2015, en því til viðbótar hefði komið fram í úrskurðinum að matsbeiðendur hefðu ekki, þrátt fyrir áskoranir, lagt fram þau grundvallargögn úr eigin bókhaldi um eigin rekstur sem ætla mætti að gætu stutt við kröfur þeirra. Að endingu hafi eftirfarandi komið fram í úrskurðinum: *Að álitni dómsins breytir öflun nýrrar matsgerðar um sundur greiningu á hinu ætlaða tjóni þessu ekki, eins og hér á stendur.* Hafi því málinu verið vísað frá dómi í heild sinni.

Matsþoli bendir á að matsbeiðendur í þessum þætti hafi ekki kært hinn síðastnefnda úrskurð héraðsdóms til Landsréttar, en af þeim sökum standi hann óhaggaður. Í þess stað hafi matsbeiðendur nú lagt fram matsbeiðni í sérstöku matsmáli, sem sé hér til umfjöllunar.

III.

1. Matsbeiðendur hafa í þessu máli tíundað fjórar spurningar sem þeir segjast ætlast til að verði svarað verði fallist á matsbeiðni þeirra, og þá þannig að látin verði í té ítarleg, rökstudd og skrifleg álitgerð, og þá um neðangreind álitæfni um hið ólögmeta lögbann og þá þannig að áhrifin verði aðgreind milli félaganna. Matsbeiðendur taka sérstaklega fram að þeir muni í matsferlinu útvega gögn í samráði við hinn dómkvadda matsmann eða hina dómkvöddu matsmennina að beiðni hans eða þeirra, en spurningar þeirra séu þessar:

1. *Áhrif á hagnað (EBITDA) Sternu ESS ehf. annars vegar og Bíla og fólks ehf. hins vegar.*
 - a. *Hvað telur matsmaður að hagnaður (EBIDTA) Sternu ESS ehf. hafi lækkað mikið vegna lögbannsins?*
 - b. *Hvað telur matsmaður að hagnaður (EBIDTA) Bíla og fólks ehf. hafi lækkað mikið vegna lögbannsins?*
2. *Fjölmiðlaumfjöllun um lögbann:*
 - a. *Hvaða áhrif telur matsmaður að fjölmiðlaumfjöllun hafi haft á ímynd hvors félags um sig?*
 - b. *Hvert er áætlað tjón vegna ímyndarskaða Sternu EES ehf. til framtíðar litið?*
 - c. *Hvert er áætlað tjón vegna ímyndarskaða Bíla og fólks ehf. til framtíðar litið.*
3. *Akstur rútu stöðvaður.*
 - a. *Hvert er áætlað tjón matsbeiðanda Bíla og fólks ehf. af því að akstur rútu fyrirtækisins hafi verið stöðvaður?*
 - b. *Hvert er áætlað tjón matsbeiðanda Sternu ESS ehf. að því að akstur rútu Bíla og*

fólks ehf. sem merkt var „Sterna“ var stöðvaður og fréttir af slíku birtust í fjölmiðlum?

4. *Afleiðingar lögbanns á ferðir Sterna ESS ehf.*

- a. *Hver er áætlaður hagnaðarmissir matsbeiðanda, Sternu ESS ehf., vegna lögbannsins á árinu 2012?*
- b. *Hver er áætlaður hagnaðarmissir matsbeiðanda, Bíla og fólks ehf., vegna lögbannsins á árinu 2012?*
- c. *Hver er áætlaður hagnaðarmissir matsbeiðanda, Sternu ESS ehf., vegna lögbannsins á árinu 2013?*
- d. *Hver er áætlaður hagnaðarmissir matsbeiðanda, Bíla og fólks ehf., vegna lögbannsins á árinu 2013?*

IV.

1. Matsþoli byggir á því í fyrrgreindri bókun og við flutning málsins að framangreindar spurningar matsbeiðenda í beiðni þeirra, sem þeir hafi nú lagt fram, séu algerlega hinar sömu og hann hafi sjálfur lagt fram sumarið 2016, en matsbeiðendur hafi mótmælt framgangi þeirra og héraðsdómur hafnað því að þær kæmust að, og þá með fyrrgreindum rökum; „það er þegar búið að spyrja þessara spurninga.“

Matsþoli skírskotar að þessu leyti til fylgiskjals til skýringar, sem hann hafi lagt fram með umræddri bókun, þar sem hann hafi sérstaklega tíundað til samanburðar efni þeirra matsspurninga, sem matsbeiðendur óski nú eftir að fallist verði á, og áðurgreindum spurningum sem hann hafi sjálfur óskað eftir á sínum tíma en matsbeiðendur mótmælt. Að þessu leyti vísar matsþoli til þess sem rakið var í kafla II, liðum 5-6 hér að framan, og áréttar að nefndur samanburður sýni glögggt að um sé að ræða nákvæmlega sömu matsatriði og spurningar.

Matsþoli telur óhjákvæmilegt annað en að sama afstaða gildi þegar matsbeiðendur komi nú með þessar sömu spurningar um sama sakarefnið og á milli sömu aðila og fyrir sama dómstóli. Fyrir liggir að hafnað hafi verið dómkvaðningu matsmanns um þessar tilgreindu spurningar og því beri einnig að hafna beiðni matsbeiðenda nú.

Matsþoli byggir einnig á þeirri meginreglu íslensks réttarfars, að ekki verði aflað fleiri en eins undirmats og eins yfirmats um sama atriðið og þá með sömu spurningunni. Einnig byggir hann á sjónarmiðum um res judicata áhrif dómsúrlausna, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Matsþoli byggir á því að mat það sem matsbeiðendur fari fram á sé bersýnilega tilgangslaust, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Að því leyti byggir hann á fyrrgreindum röksemdum, þ.e. að þegar sé búið að afla matsgerðar um þær spurningar sem hér séu undir, og dómur hafi þegar litið svo á að slíkt mat sé tilgangslaust, sbr. áður tilvitnuð orð í úrskurði héraðsdóms í málinu E-104/2021 frá 22. nóvember 2022.

Krafa matsþola um málskostnað er reist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

1. Við munnlegan málflutning kröfðust matsbeiðendur, hvor um sig, að kröfu matsþola í máli þessu yrði hafnað, en að fallist yrði á beiðni þeirra um dómkvaðningu matsmanns eða matsmanna.

Í matsbeiðninni, en einnig við munnlegan flutning málsins, vísa matsbeiðendur um tilefni og markmið beiðninnar til þess að með öflun slíks gagns verði þeim gert kleift að höfða mál sitt að nýju gegn matsþola, enda verði fyrrnefndur úrskurður héraðsdóms í málinu nr. 104/2021 ekki túlkaður með þeim hætti að hið fyrirhugaða mat þeirra sé tilgangslaust.

Matsbeiðendur byggja á því að þeim sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hvernig hugsanlegt tjón skiptist á milli félaganna, þ.e. Sternu ESS ehf. annars vegar og Bíla og fólks ehf. hins vegar, og að matsmaður eða matsmenn leggi óháð og hlutlaust mat á áðurgreindar spurningar og svari þeim eftir bestu vitund og heiðarleika og þá með tilliti til þess hvaða áhrif hið ólögmdæta lögbann hefði haft á hvort félag um sig. Þannig geti þeir fengið efnislega úrlausn um kröfur sínar í fyrirhuguðu dómsmáli.

Matsbeiðendur staðhæfa að samkvæmt dómaframkvæmd sé víðtækur réttur til að afla matsgerðar, sbr. t.d. dóm Landsréttar í málinu nr. 284/2021. Þeir benda á að fyrir liggi að þeim sé óheimilt að setja fram óskipta kröfu, en í þess stað beri þeim að gera sjálfstæðar kröfur, sbr. áðurraktar dómnsniðurstöður.

Matsbeiðendur benda á að sjálfstæðar dómkröfur þeirra finni sér ekki nægjanlega stoð í fyrirbyggjandi matsgerðum, sbr. áðurnefndan úrskurður Héraðsdóms Austurlands í málinu nr. E-104/2021, enda aðgreini þær ekki tjón þeirra, sbr. dskj. nr. 9 og 10. Af þessum sökum verði kröfur þeirra ekki byggðar á þeim. Þeir byggja á því að lög nr. 91/1991 standi því ekki í vegi fyrir að hin umbeðna dómkvaðning þeirra nái fram að ganga.

Matsbeiðendur benda á að ekki sé heimilt að afla undirmats um sama atriði ef þegar hefur verið aflað undir- og yfirmats, sbr. að því leyti dóma Hæstaréttar í málum nr. 7/2016 og 258/2017. Þeir séu hins vegar ekki í máli þessu að óska eftir mati á sömu atriðum og áður hafi verið gert í hinum fyrri matsgerðum, enda sé ekki um sömu spurningar og framsetningu að ræða. Matsbeiðni þeirra miði að því að fá fram sundurgreiningu á tjóni þeirra og sé markmiðið að afla ítarlegri upplýsinga um það atriði en áður hafi fengist. Þeir staðhæfa að fyrir liggi fjölmörg fordæmi Hæstaréttar um að í lögum nr. 91/1991 sé ekki girt fyrir að til viðbótar eldri matsgerð sé aflað nýrrar

matsgerðar sem ætlað sé að gefa ítarlegri upplýsingar um matsefnið en áður hafi fengist eða þá að ný matsgerð taki að einhverju leyti til annarra atriða en hin fyrri. Eigi þetta við þó svo að fyrir liggi undir- og yfirmat, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 67/2017 og dóm Landsréttar í málinu nr. 176/2021.

Matsbeiðendur vísa til þess að úrskurður Héraðsdóms Austurlands frá 2016 hafi í raun takmarkaða þýðingu. Í því sambandi benda þeir á að undirmatsbeiðni, sem hafi verið aflað við meðferð þess máls, hafi verið lögð fram samhliða yfirmatsbeiðni, að yfirmatsferlinu hafi verið ólokið og að ekki hafi þá legið fyrir hvort yfirmatsmennirnir gætu sundurgreint tjón félaganna. Þessu til viðbótar hafi allt aðrar aðstæður verið uppi en nú eru, enda sé þeim nú nauðsynlegt að afla mats þannig að þeim sé kleift að höfða dómsmál sitt gegn matsþola að nýju.

Matsbeiðendur staðhæfa að þrátt fyrir að lagt verði til grundvallar að um sé að ræða sömu atriðin og í fyrri matsgerðum þá skeri þetta mál sig frá fyrirliggjandi dómafordæmum, sbr. að því leyti dóma Hæstaréttar í málunum nr. 7/2016 og 258/2017, en í þeim tilvikum hafi verið óskað eftir nýju undirmati undir rekstri máls þrátt fyrir að áður hafi legið fyrir undir- og yfirmat. Þeir staðhæfa að tilgangur þeirra með þeirri matsbeiðni sem þeir hafi lagt fram í máli þessu sé að bæta úr annmörkum, en eigi að fá endurskoðun á fyrri matsgerðum. Í því viðfangi benda þeir á að hvorki í lögum nr. 91/1991 né í fyrirliggjandi fordæmum hafi réttur aðila verið takmarkaður til þess að afla nýs undirmats um sömu atriði ef hinar fyrri undir- og yfirmatgerðir hafi reynst ófullnægjandi grundvöllur fyrir kröfum. Þá verði úrskurðurinn í héraðsdómsmálinu nr. 104/2021 eigi með réttu túlkaður með þeim hætti að fyrirhugað mat þeirra sé tilgangslaust.

Matsbeiðendur benda loks á að verði matsbeiðni þeirra og dómkvaðningu hafnað séu þeir í raun í ómögulegri stöðu, enda geti þeir þá eigi sótt kröfur sínar á grundvelli fyrirliggjandi gagna og ekki heldur bætt úr með öflun frekari gagna. Með öðrum orðum geti þeir þá eigi fengið efnislega úrlausn dómstóla um kröfur sínar á hendur matsþola eins og þeir eiga rétt á samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

VI.

1. Eins og fram er komið stendur ágreiningur aðila um það hvort dómkveðja skuli hæfan og óvilhallan matsmann vegna framkominnar undirmatsbeiðni matsbeiðenda.

Hér að framan hefur verið lýst tilgangi matsbeiðenda með öflun nefndrar matsbeiðni, en fyrir liggur að efnislegur ágreiningur aðila á rót sína að rekja til lögbanns sem matsþoli fékk lagt á akstur matsbeiðandans Sternu Travel ehf. sumarið 2012. Leiddi þetta til málareksturs milli málsaðila á árunum 2014 og 2021, en af því tilefni var aflað þeirra fjögurra matsgerða dómkvaddra matsmanna, undir- og yfirmatsmanna, sem vikið hefur verið að hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hafa aðilar forræði á sönnunarfærslu í einkamálum. Um matsgerðir er fjallað í IX. kafla nefndra laga, en eins og hér stendur á byggja matsbeiðendur enn fremur á XII. kafla laganna.

Í dómaframkvæmd hefur aðilum verið játaður víðtækur réttur til að afla matsgerðar til að færa sönnur á staðhæfingar sínar, enda bera þeir áhættu af sönnunargildi matsgerðar og standa straum af kostnaði við öflun hennar. Þessi réttur takmarkast hins vegar m.a. af ákvæðum 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, þar sem segir að dómari geti meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar.

Í þessu sambandi hefur því verið slegið föstu í dómaframkvæmd að lög nr. 91/1991 girði ekki fyrir það að til viðbótar eldri matsgerð sé aflað nýrrar matsgerðar, sem ætlað er til að gefa ítarlegri upplýsingar um matsefnið en áður hefur fengist, eða að ný matsgerð taki að einhverju leyti til annarra atriða en sú fyrri.

Að virtum framlögðum gögnum, og þá ekki síst þeim undir- og yfirmatsgerðum sem málsaðilar hafa hér að framan vísað til og varða hinn fyrri málarekstur þeirra, verður ekki annað séð en að þar hafi komið fyrir efnislega sömu matsspurningar og matsbeiðandi viðhefur í þeirri matsbeiðni sem hér er til umfjöllunar.

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 91/1991 getur aðili leitað yfirmats þar sem eru til endurmats þau atriði sem áður hafa verið metin. Þar sem slíkt endurmat hefur í raun þegar farið fram, samkvæmt framangreindu, verður eigi leitað nýrrar matsgerðar um sömu atriði samkvæmt gagnályktun frá nefndri lagagrein. Að þessu virtu og andmælum matsþola eru því ekki efni til þess að fallast á beiðni matsbeiðenda í þessu máli og verður því að hafna kröfu þeirra um dómkvaðningu matsmanns.

Matsbeiðendur greiði óskipt matsþola málskostnað eins og segir í úrskurðarorði.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu matsbeiðenda, Sternu EES ehf. og Bíla og fólks ehf., um dómkvaðningu matsmanns.

Matsbeiðendur greiði óskipt matsþola, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, 300.000 krónur í málskostnað.